

AUGLÝSING

um fullgildingu samþykktar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 7 frá 26. febrúar 1975 var framkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO) hinn 21. apríl 1975 afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samþykktar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sem undirrituð var í London hinn 20. október 1972.

Samkvæmt 4. grein samþykktarinnar skal hún ganga í gildi þegar liðnir eru 12 mánuðir frá þeim degi, er að minnsta kosti 15 ríki hafa gerst aðilar, enda eigi þau ekki minna en 65% af kaupskipum heims, 100 rúmlesta eða stærri, miðað annaðhvort við fjölda eða rúmlestatölu eftir því hvoru markinu verður fyrir náð. – Nánar verður auglýst um gildistöku síðar.

Samþykktin ásamt reglunum og öðrum viðaukum hennar er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. apríl 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

[Uppfærða þýðingu á samþykktinni um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972, með breytingum, má finna á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands.]